



Reykjavíkurborg

Fjármála- og áhættustýringarsvið

Reykjavík, 17. maí 2021
R21050150

Borgarráð

Laugarnes, afnotasamningur um svæði fyrir loftgæðamæli

Óskað er eftir samþykki borgarráðs á meðfylgjandi afnotasamningi um 5 m^2 svæði í Laugarnesi undir loftgæðamæli Faxaflóahafna.

Greinargerð

Um er að ræða afnotasamning á 5 m^2 svæði í Laugarnesi í Reykjavík sem afmarkast eins og sjá má í viðhengdri teikningu. Leigutaki hyggst setja niður á hinu leigða lofgæðamælir.

Afnotasamningur er tímabundinn í þrjú ár, frá 1. júní 2021 að telja. Við lok afnotatíma framlengist samningur þessi sjálfkrafa í eitt (1) ár í senn.

Óli Jón Hertervig
skrifstofustjóri eignaskrifstofu

Hjálagt:

Drög af afnotasamningi dags. 11. maí 2021.

Umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs dags. 26. febrúar 2021.

AFNOTASAMNINGUR UM 5 m² SVÆÐI Í LAUGARNESI

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, (hér eftir nefndur „leigusali“) Ráðhúsinu í Reykjavík, vegna Reykjavíkurborgar – eignasjóðs, kt. 570480-0149, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík og Faxaflóahafnir sf. kt. 530269-7529, (hér eftir nefndur „leigutaki“) Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík og, gera með sér svofelldan afnotasamning:

1. *Hið leigða*

Leigutaki tekur á leigu um 5 m² svæði í Laugarnesi í Reykjavík sem afmarkast eins og sjá má í viðhengdri teikningu. Leigutaki hyggst setja niður á hinu leigða lofgæðamælir. Leigutaki skal girða hið leigða af og tryggja að ekki stafi hætta af svæðinu. Um er að ræða viðkvæmt svæði og útivistasvæði í Reykjavík og skal leigutaki ganga snyrtilega frá svæðinu þannig að sómi stafi af. Taka þarf tillit til fornminja á svæðinu og staðsetja mælin utan þeirra. Sjá nánar svæðið og mæli í fylgiskjali 1.

2. *Gildistími og gjald*

Afnotasamningur þessi er tímabundinn í þrjú ár, frá 1. júní 2021 að telja. Við lok afnotatíma framlengist samningur þessi sjálfkrafa í eitt (1) ár í senn nema leigusali eða leigutaki tilkynni skriflega breytingu þar um með a.m.k. eins (1) mánaðar fyrirvara. Skal uppsögn tilkynnt skriflega til samningsaðila.

Leiga greiðist fyrir afnotin og er hún 10.000 kr. á ári og tekur breytingum við áramót miðað við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sem við undirritun samnings þessa er 495,8. Gjaldldagi er einu sinni á ári. Fyrsti gjaldldagi er 1. júní 2021.

3. *Afhending og skil á afnotasvæði*

Afnotasvæðið afhendist við undirritun samnings þessa. Við lok samningsins skal leigutaki skila afnotasvæðinu til leigusala. Leigutaki skal við samningslok rýma lóðina, hreinsa og skila henni í ásættanlegu ástandi og lagfæra gróðurskemmdir.

4. *Framkvæmdir*

Allar framkvæmdir sem leigutaki ræðst í á afnotasvæðinu greiðast af leigutaka.

Leigutaki hyggst setja loftgæðamælir á steyptar undirstöður. Sjá nánari upplýsingar um undirstöður í fylgiskjali 2.

5. *Eftirlit*

Leigusali gerir kröfu um að reglubundið nauðsynlegt eftirlit verði með svæðinu auk þess að umhirða á lóðinni verði með þeim hætti að sómi sé af.

6. *Nýting á hinu leigða*

Leigutaka er óheimilt að nýta hið leigða í öðrum tilgangi en að reka loftgæðamælir. Öll framleiga er óheimil. Leigutaki skal sjá um og útvega öll leyfi sem þarf til framkvæmdar og rekstrar.

7. *Riftun*

Brot á ákvæðum samnings þessa getur valdið riftun. Hið sama gildir ef vanskil á gjaldi fyrir leiguafnot varir í lengri tíma en tvo mánuði.

8. *Varnarþing*

Rísi ágreiningur um afnotasamning þennan má bera hann undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

Reykjavík 11. maí 2021.

Leigutaki:

Leigusali:

f.h. Faxaflóahafna sf.

f.h. Reykjavíkurborgar með fyrirvara um samþykkt borgarráðs.

Vottar að réttri undirskrift og dagsetningu:


Nafn og kt.

Nafn og kt.



Tillaga að staðsetningu loftgæðamælis.



[illegible]



Reykjavík 26. febrúar 2021

Varðar: Laugarnes (fsp) loftgæðamælir.


Lögð er fram fyrirspurn Kanon arkitekta ehf. f.h. Faxaflóahafna dags. 24. nóvember 2020 ásamt bréfi dags. 24. nóvember 2020 um að staðsetja loftgæðamæli í Laugarnesi á afgirtum reit á borgarlandi, samkvæmt uppdrætti Kanon arkitekta ehf. dags. 23. nóvember 2020. Einnig er lagður fram uppdráttur Mannvits dags. 5. júní 2020, minnisblað Faxaflóahafna ódags., minnisblað verkfræðistofunnar Vatnaskil dags. 4. júní 2020 og kort sem sýnir núverandi stöðu fornleifa ódags.



Tillaga að staðsetningu loftgæðamælis.

Fram kemur í minnisblaði Faxaflóahafna að undanfarin ár hefur komum farþegaskipa til Faxaflóahafna fjölgað jafnt og þétt, samfara því hefur skapast umræða um umhverfisáhrif skipanna og loftmengun og útblástur því tengt. Umrædd staðsetning í Laugarnesi er talin heppileg til að átta sig betur á styrk mengunarefna í andrúmsloftinu. Um er að ræða svipaðan mæli og sem staðsettur er við Egilshöll. Óskað er eftir leyfi til að staðsetja mælinn í Laugarnesinu og gefur þá vonandi sem besta mynd af þessum umhverfishárfum sem að framan segir.

Í gildi er deiliskipulag fyrir Laugarnes, dags. samp. 12. september 2000 m.s.br.



Hluti af gildandi deiliskipulagi fyrir Laugarnes.

Niðurstaða

Ekki er lagst gegn því að staðsetja loftgæðamæli á umræddum stað tímabundið. Slíkir mælar eru víða í borginni og mikilvægir sem slíkir. Taka þarf tillit til skráðra fornleifa á svæðinu og staðsetja mælinn utan þeirra, einnig væri hægt að færa mælinn til norðurs (utan byggingareits þó). Sækja þarf um Afnotaleyfi fyrir uppsetningu hjá Deild Reksturs og Umhirðu á Umhverfis- og skipulagssviði sem tekur þá ákvörðun hvort um byggingarleyfisskylda framkvæmda er að ræða og/ eða hvort stöðuleyfi dugi sem endurnýja þarf reglulega.

f.h umhverfis- og skipulagssviðs
skipulagsfulltrúa, /Björn I. Edvardsson